

Minnisblað

Til: Menningarmálanefnd
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 4. nóvember 2021
Mnr. 2021100083



ÍSAFJARÐARBÆR

Nína Ivanova

Þann 22. september 2021 óskaði Nína Ivanova eftir heimild sveitarfélagsins til að mála tímabundið málverk beint á götur Ísafjarðarbæjar, milli Sindragötu og Suðurgötu, í júní árið 2022.

Verkið er hluti af sýningunni nr. 4 Umhverfing, og verður haldin sumarið 2022, á ýmsum stöðum í sveitarfélaginu.

Lýsing Ninu er eftirfarandi: „Mynd af persónu í "frumbyggja stíll" mun sjást eingöngu úr fjarska - t.d. með dróna eða af baki arnarins. Á jörðu niðri sér fólk litlar stakar myndir af trjálaufum, grasi o. fl. á stærð við fótspor. Stundum hlið við hlið og stundum í röð. Það má ganga og keyra á og sópa yfir myndirnar - þær eyðast með tímanum. Myndirnar verða þarna til þess að vekja athygli á umhverfi okkar hér og nú. Litirnir verða í grænskala. Ég mun hafa flestar á göngustiganum en á nokkrum stöðum fara þau yfir og á götu (t.d. bros). Hugmynd var að nota litir sem eru ekki notaðar í vegamerkingum - einmitt grænt og ljós orange. Þetta eru akryl litir sem eyðast með umferð, vatni og tíma. Ekkert lakk.“

Í kjölfarið var óskað eftir umsögn Lögreglustjórans á Vestfjörðum, vegna þessa, með vísan til öryggisjónarmiða akandi umferða, og var eftirfarandi umsögn veitt þann 22. október 2021 þar sem sagði að ekki væru gerðar athugasemdir við þetta svo lengi sem þetta raskar ekki umferðaröryggi, set þann fyrirvara að ef annað kæmi í ljós þyrfti mögulega að gera einhverjar breytingar á verkinu eða afmá hluta þess.“

Óskað er því eftir heimild menningarmálanefndar fyrir verkinu sumarið 2022.